

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 14. október 2020
UST202010-080/P.V.B.
09.04.03

Efni: Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hamarinn, Kaldárhraun og Gjárnar og Litluborgir

Stefnt er á að skrifa stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þrjú friðlýst svæði í Hafnarfirði. Til hagræðingar hyggst Umhverfisstofnun vinna allar þrjár áætlanirnar samhliða og skipa einn samstarfshóp fyrir öll svæðin.

1. Hamarinn var friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu nr. 188/1984.

Á Hamrinum eru jökulminjar. Hann setur mikinn svip á miðbæ Hafnarfjarðar og nýtur vinsælda sem útivistarsvæði. Hamrinum tengjast sögur um álfa og huldufólk.

2. Kaldárhraun og Gjárnar voru friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu nr. 396/2009.

Markmið með friðlýsingu Kaldárhrauns og Gjánna er að vernda helluhraunsmyndun og fagrar klettamyndanir í vestari hrauntröðinni frá hinni kunnu eldstöð Búrfelli.

3. Litluborgir voru friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu nr. 395/2009.

Markmiðið með friðlýsingu Litluborga sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir í landi Hafnarfjarðar. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis, en Helgafell og nágrenni þess hefur um langan tíma verið afar vinsælt útivistarsvæði.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Stjórnunar og verndaráætlun er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess.

Umhverfisstofnun hefur nú hafið undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hamarinn, Kaldárhraun og Gjárnar og Litluborgir. Við gerð stjórnunar- og

verndaráætlanar er lögð mikil áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð áætlanna eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags og landeigenda.

Hafnarfjarðarbær hefur skipulagsvald á svæðinu og einnig landeigandi og er þess óskað að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í samstarfshópinn vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunarinnar fyrir svæðin þrjú. Óskað er eftir því að tilnefningin berist eigi síðar en 30. október 2020. Þegar tilnefningar hafa borist í samstarfshópinn mun Umhverfisstofnun boða til fundar.

Nánari upplýsingar gefur Þórdís Vilhelmína Bragadóttir sérfræðingur á sviði friðlýsinga og áætlana, í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið: thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is

Virðingarfyllst



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur



René Biasone
sérfræðingur